

tíma nefndarinnar loknum, þegar allur kostnaður af starfi hennar hefir verið greiddur, skal skipta honum mill þeirra utansamlagsmanna, sem selt hafa síld fyrir milligöngu nefndarinnar í réttu hlutfalli við andvirði þeirrar síldar, er þeir þannig hafa selt. 90 8. ágúst

Öll sala fyrir utansamlagsmenn og útflutningsleyfi til þeirra eru bundin því skilyrði, að leyfishafar hlíti ákvæðum þessarar greinar, sem er í samræmi við tilsvarendi ákvæði um síld samlagsmanna.

7. gr.

Atvinnumálaráðherra getur skipað tilsjónarmenn, einn eða tvo, að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands, til þess að fylgjast með störfum téðrar nefndar og Samlags íslenzkra matjessíldarframleiðenda, og hafa þeir aðgang að skjölum og reikningum nefndarinnar og samlagsins og rétt til að sitja á stjórnarfundum þess.

Dóknun tilsjónarmanna ákveður atvinnumálaráðherra og telst hún með kostnaði við störf nefndarinnar og greiðist af þeim 4% af andvirði allrar útfluttrar matjessíldar, sem um ræðir í 6. gr.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum allt að 25 kr. fyrir hverja heila tunnu léttverkaðrar saltsíldar, sem út er flutt eða seld úr landi án heimildar.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. ágúst 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

um slátrun sauðfjár og verzlun með sauðfjárafurðir.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim, útgefnum 9. ágúst 1934, eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Kjötverðlagsnefnd getur ráðið fulltrúa, annaðhvort úr sínum hópi eða utan nefndar, til þess að annast dagleg störf. Kostnaður við skrifstofuhald svo og annar kostnaður við starf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

91 Þóknun fyrir nefndarstörf má ekki fara fram úr 1000 krónum á ári til hvers
13. ágúst nefndarmanns.

2. gr.

Landið skiptist í eftirfarandi verðlagssvæði:

1. Reykjavík, Hafnarfjörður, Gullbringu- og Kjósarsýsla, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Mýra- og Borgarfjarðarsýsla, Vestmannaeyjar.
2. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Strandasýsla innan Bitrufjarðar, Vestur- og Austur-Húnavatnssýsla.
3. Barðastrandarsýsla, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýsla, Ísafjörður, Strandasýsla norðan Bitrufjarðar.
4. Skagafjarðarsýsla, Eyjafjarðarsýsla, Akureyri, Siglufjörður, Suður- og Norður-Þingeyjarsýsla.
5. Norður- og Suður-Múlasýsla, Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Austur- og Vestur-Skaftafellssýsla.

3. gr.

Kjötverðlagsnefnd ákveður verð á sauðakjöti á innlendum markaði í heildsölu og smásölu, með tilliti til framleiðslukostnaðar og markaðsmöguleika. Nefndin getur og gert sömu ráðstafanir um nautakjöt. Verðskráning þessi skal gerð svo oft sem þörf krefur og birt opinberlega.

Heildsala telst sala á kjöti í heilum skrokkum og í tunnum. Sé um mikil viðskipti að ræða, má nefndin ákveða lækkun frá heildsöluverði, samkvæmt reglum, sem hún setur.

Útsöluverð kjöts skal vera sem jafnast á hverju verðlagssvæði fyrir sig, eftir því sem við verður komið. Ef mismunandi verð er ákveðið eftir verðlagssvæðum og innan verðlagssvæða, skal verðmunurinn aðallega miðaður við kostnað við það að koma kjötinu til helztu markaðsstaða innanlands og möguleika til þess.

4. gr.

Umsóknir um leyfi til slátrunar skulu sendar kjötverðlagsnefnd hæfilegum tíma fyrir sláturtíð, eftir nánari ákvörðun nefndarinnar.

Í umsókn skal tekið fram, hvernig gert er ráð fyrir að kjötið verði verkað og hve mikið af því er ætlað til útflutnings og hve mikið til sölu á innlendum markaði.

Umsókn skal fylgja skýrsla um það, hve mörgu fé umsækjandi hefir slátrað undanfarið ár og hvernig kjötinu hafi verið ráðstafað.

5. gr.

Kjötverðlagsnefnd felur eftirlitsnefndum eða trúnaðarmönnum þau dagleg störf, sem vinna þarf á slátrunar- eða kjötsölustað, svo sem skýrslusöfnun, eftirlit með því að lögum og reglugerð þessari sé hlýtt o. s. frv.

Þóknun fyrir slík störf telst kostnaður við starf nefndarinnar.

6. gr.

91

13. ágúst

Í sláturhúsum skal daglega, jafnóðum og slátrun fer fram, gera skýrslu um tölu sauðfjár, sem slátrað er, kjötþyngd og flokkun eftir gæðum. Kjötmatmaður skal votta, að skýrslan sé rétt. Skýrslur þessar skulu afhentar trúnaðarmanni kjötverðlagsnefndar jafnóðum og slátrun fer fram, ef nefndin telur þess þörf.

7. gr.

Þegar lægra nettó-verð fæst fyrir útflutt kjöt, en kjöt selt innanlands af framleiðslu sama árs, getur kjötverðlagsnefnd greitt verðuppbót úr verðjöfnunarsjóði á útflutta kjötið, samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga 9. ágúst 1934 um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjáraturðir og ákveða verðlag á þeim. Við úthlutun verðuppbótar skal nefndin gæta þess, að nettó-verð fyrir útflutt kjöt verði ekki vegna verðuppbótarinnar eins hátt og nettó-verð fyrir kjöt sömu tegundar, sem selt er á aðalmarkaðsstöðunum innanlands. Ennfremur skal nefndin gæta þess að nettó-verð á útfluttu saltkjöti verði ekki vegna verðuppbótarinnar eins hátt og nettó-verð á útfluttu freðkjöti.

Nettó-verð er það verð, sem endanlega er greitt til framleiðenda á slátrunarstað.

8. gr.

Verðuppbótin skal greidd útflytjendum kjötsins, en þeir eru skyldir að greiða hana að fullu til framleiðenda. Hafi fé verið keypt á fæti, skal kjötverðlagsnefnd ekki greiða verðuppbót á kjöt af því, nema kaupandi sanni fyrir henni, frá hverjum hann hafi keypt féð, svo og kjötmagn hvernar tegundar frá hverjum manni.

Verðuppbót samkvæmt síðustu málsgrein 6. gr. laganna skal greidd sömu aðiljum og greiða verðjöfnunartillag. Gilda um hana sömu ákvæði og um verðuppbót af útfluttu kjöti.

Nú telur framleiðandi sig misrétti beittan við greiðslu verðuppbótar samkvæmt þessari grein og getur hann kært það fyrir kjötverðlagsnefnd. Komi það í ljós, að réttum reglum hafi ekki verið fylgt, skal nefndin eftir föngum aðstoða hlutaðeiganda til að ná rétti sínum.

9. gr.

Ef kjötverðlagsnefnd virðist of mikið kjöt vera ætlað til sölu á einhverjum markaðsstað innanlands, svo að hætta sé á að það seljist ekki, er henni heimilt að takmarka flutning á kjöti þangað. Álitni nefndin, að of lítið sé á einhverjum markaðsstað, getur hún og gert ráðstafanir til að flytja kjöt þangað.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari eða ráðstöfunum, sem kjötverðlagsnefnd gerir samkvæmt heimild í henni, varða sektum allt að 1000 krónum.

Sektirnar renna í verðjöfnunarsjóð.

91

13. ágúst

11. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu og samgöngumálaráðuneytið, 13. ágúst 1934.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

92

14. ágúst

REGLUGERÐ

um breytingu á bráðabirgðareglugerð um Kreppulánasjóð, nr. 108 2. okt. 1933.

1. gr.

Þau lán, sem Kreppulánasjóður veitir eftir staðfestingu reglugerðar þessarar, skulu ávaxtast og endurgreiðast með jöfnum ársgreiðslum allan lánstímann. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að veita lán með þeim afborgunarskilmálum, sem ákveðnir eru í 27. gr. bráðabirgðareglugerðar nr. 108, 2. október 1933, um Kreppulánasjóð, ef lántakendur óska.

Um öll lán Kreppulánasjóðs gilda að öðru leyti ákvæði bráðabirgðareglugerðar um Kreppulánasjóð nr. 108 frá 2. október 1933.

2. gr.

Stjórn Kreppulánasjóðs er heimilt að breyta afborgunarskilmálum þeirra lána, sem veitt hafa verið úr Kreppulánasjóði fyrir staðfestingu þessarar reglugerðar, til samræmis við ákvæði 1. greinar, enda æski skuldunautar þeirrar breytingar.

Fjármálaráðuneytið, 14. ágúst 1934.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.